

Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson
Borgartúni 30
105 Reykjavík



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

mrn@mrn.is
545 9500

Sölvhólsögötu 4,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 4. mars 2022
Tilv.: MRN22020930/3.7

Efni: Frestun gildistöku breytinga á barnaverndarlögum.


Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur borist erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. febrúar 2022. Í erindinu er þess óskað að gildistöku breytinga á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021, sem varða barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar, verði frestað að lágmarki til 1. október 2022 og helst til næstu áramóta. Samhliða verði stofnaður innleiðingarhópur með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, Barna- og fjölskyldustofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að vandað sé til verka við undirbúning þeirra umfangsmiklu breytinga sem um ræðir. Undirbúningur frumvarps, sem frestar gildistöku barnaverndarlaga, er því þegar hafinn innan ráðuneytisins og stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi um næstu mánaðamót.

Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um skipun sérstaks innleiðingarhóps sem mun samanstanda af fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, Barna- og fjölskyldustofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þess er óskað að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tvo aðila til setu í umræddum hópi og að við þá skipun verði gætt að ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Er þess vinsamlega óskað að tilnefningar berist ráðuneytinu á netfangið mrn@mrn.is eigi síðar en fimmtudaginn 10. mars nk.

Fyrir hönd ráðherra


Páll Magnússon
ráðuneytisstjóri


Anna Tryggvadóttir
staðgengill skrifstofustjóra